

Þriðjudaginn 3. maí 1983.

Nr. 59/1983. **Ákærvaldið**

(Pórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Kolbeini Gauta Árnasyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar 2. febrúar 1983 að kröfu ákærða. Því er einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu ákærða.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið háð framhaldsrannsókn fyrir sakadómi Reykjavíkur og skýrslur teknar af vitnunum Axel Sölva Axelssyni og Birgi Sumarliðasyni. Voru þeir með ákærða við bjórdrykkju þá á Reykjavíkurlflugvelli, sem hann greindi frá við rannsókn málsins.

Samkvæmt skýrslum beggja vitnanna drakk ákærði ásamt þeim öðrum af tegundinni „Tuborg grön“. Að sögn vitnisins Axels drukku þeir félagar úr 3 bjórdósum hver, eða alls úr 9 dósum, á tímabilinu frá því um það bil kl. 2030 til miðnættis. Vitnið Birgir sagði dósirnar hafa verið alls 10—11 að tölu og ölsins hafa verið neytt á tímanum frá því um það bil kl. 2100 til miðnættis.

Hinn 17. desember 1982 sætti ákærði 4.000.00 króna sekt með sátt, gerðri í sakadómi Reykjavíkur, fyrir að aka bifreið án ökuréttinda hinn 18. október 1982, sbr. 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga, en svo sem frá er greint í hinum áfrýjaða dómi, var hann sviptur ökuréttindum til bráðabirgða 4. október 1982.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að refsing ákærða verður ákveðin 15 daga varðhald.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 4.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kolbeinn Gauti Árnason, sæti varðhaldi 15 daga. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans, 4.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. desember 1982.

Ár 1982, fimmtudaginn 30. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 549/1982: Ákærvaldið gegn Kolbeini Gauta Árnasyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 4. f. m., á hendur ákærða, Kolbeini Gauta Árnasyni bifreiðarstjóra, Skeiðarvogi 109 í Reykjavík, fæddum þar í borg 23. desember 1957.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir að aka aðfaranótt miðvikudagsins 1. september 1982 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 20940 frá Reykjavíkflugvelli að veitingahúsinu Hollywod við Ármúla og eftir stutta viðdvöl þar áleiðis heim til sín, en þá stöðvaði lögreglan akstur hans fljótlega.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt miðvikudagsins 1. september sl., klukkan 0102, voru þrjú lögreglumenn í Reykjavík á eftirlitsferð í Ármúla, þegar þeir veittu athygli fólksbifreiðinni R 20940, sem ekið var af bifreiðastæði við húsið nr. 3. Lögreglumennirnir stöðvuðu akstur bifreiðarinnar við Hallarmúla til að hafa tal af ökumanni hennar. Var það ákærði, Kolbeinn Gauti Árnason, sem ekki gat framvísað ökuskírteini, en því kvaðst hann hafa gleymt heima.

Þegar ákærði kom yfir í lögreglubifreiðina til frekari viðræðna, kom í ljós sterk áfengislykt, og augu ákærða virtust vot. Var ákærði látinn gefa öndunarsýni, og sýndi það 3. stig. Kvaðst ákærði þá skömmu áður hafa drukkið danskan bjór.

Í yfirheyrslu hjá varðstjóra á lögreglustöðinni við Hverfisgötu skýrði ákærði svo frá, að hann hefði drukkíð þrjár litlar dósir með sterkum dönskum Tuborg bjór á Reykjavíkflugvelli frá klukkan 2015 til klukkan 2200. Hann kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði var yfirheyrdur af rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík, og staðfesti hann þá, að allt væri rétt eftir sér haft í skýrslunni hjá varðstjórannum. Hann kvaðst hafa ekið frá flugvellinum að Hollywood á tólfta tímanum, en þar hefði hann dvalið, þar til skömmu áður en hann var handtekinn af lögreglunni. Var ákærði rétt lagður af stað, þegar hann var stöðvaður.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar á slysadeild Borgarspítalans klukkan 0141 um nóttina. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 1.17 ‰.

Við meðferð málsins skýrði ákærði svo frá, að hann hafi ekið umrædda nótt, svo sem áður er rekið. Staðfesti ákærði skýrslu sína hjá rannsóknardeildinni sem rétta með þeirri athugasemd, að bjórdrykkjan hefði staðið fram til klukkan 2400. Ítrekaði ákærði, að hann hefði ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, og kvaðst hann aðeins hafa ekið 4—5 metra, þegar lögreglan stöðvaði akstur hans.

Lögreglumenn þeir, er höfðu afskipti af ákærða, hafa allir komið fyrir dóminn sem vitni.

Vitnið Helgi Sævar Helgason lögreglumaður, Kóngsbakka 10 í Reykjavík, mundi eftir afskiptum sínum af ákærða og sá á honum einkenni þess, að hann hefði neytt áfengis. Kvaðst vitnið hafa séð það, þegar ákærði gekk upp stiga á lögreglustöðinni, að göngulag hans var dálítið reikult, en áður hafði vitnið fundið töluverðan áfengisþef af ákærða.

Vitnið gerði skýrslu lögreglunnar um fyrstu afskipti hennar af ákærða og staðfesti hana við meðferð málsins.

Vitnið Sigurgeir Arnþórsson lögreglumaður, Bárugötu 37 í Reykjavík, mundi eftir afskiptum sínum af ákærða, en það kvaðst fyrst hafa rætt við ákærða af þeim lögreglumönnum, sem stóðu að handtöku hans.

Vitnið kvaðst hafa fundið áfengisþef úr bifreiðinni, þegar það leit inn í hana, en ekki gerði það sér grein fyrir, hvort lyktin var af ákærða.

Vitnið sagði, að ákærði hefði ekki kannast við að hafa neytt áfengis, þegar vitnið spurði hann um það. Vitnið mundi ekki eftir að greina frá neinum einkennum um áfengisneyslu af hálfu ákærða við fyrstu afskipti þess af honum í bifreið hans.

Vitnið sagði, að það hefði fundið áfengisþef af ákærða, eftir að hann kom út í lögreglubifreiðina, en önnur einkenni um áfengisneyslu fann vitnið ekki hjá ákærða, svo að það myndi.

Vitnið Jón Sigfússon lögreglumaður, Skipholti 36 í Reykjavík, mundi eftir afskiptum sínum af ákærða. Það kvaðst hafa fundið áfengisþef af

honum. Því fannst hann rauðleitur í andliti og ekki fullkomlega stöðugur í gangi. Ekki mundi vitnið að greina frá öðrum einkennum um áfengisneyslu af hálfu ákærða.

Vitnið Rudolf Þór Axelsson varðstjóri, Huldulandi 11 í Reykjavík, mundi eftir því að hafa yfirheyrt ákærða á lögreglustöðinni stuttu eftir handtöku hans, og voru samskipti þeirra hin bestu. Sagði vitnið, að ákærði hefði verið kurteis og svarað spurningum greiðlega.

Vitnið sagði, að andlit ákærða hefði að þess mati gefið til kynna, að ákærði hefði neytt meira áfengis en hann vildi vera láta. Fundust vitninu hreyfingar á augnalokum ákærða hægari en gerist venjulega hjá ódrukknum.

Vitnið gerði skýrslu um útlit og önnur einkenni ákærða og hefur staðfest hana við meðferð málsins. Í skýrslunni segir, að talsverður áfengisþefur hafi verið af ákærða, andlit hans þrútið og augu vot. Fatnaður hans var snyrtilegur, framkoma kurteis, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og frásögn greinargóð.

Ákærði mótmælti því í framburði vitnanna, að sést hefðu á honum áfengisáhrif.

Verjandi ákærða gerði kröfu til þess, að ferill blóðsýnishornsins yrði rannsakaður og prófun þess endurtekin.

Rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík framkvæmdi rannsókn á ferli blóðsýnishornsins, en ekki var hægt að endurtaka prófun þess, þar sem því hafði verið eytt.

Yfirheyrdir voru þeir lögreglumenn, sem höfðu afskipti af blóðsýninu, frá því að ákærði var færður til blóðtöku og þar til blóðsýnið hafði verið afhent Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskólann til rannsókna. Kom ekkert fram við þá rannsókn um það, að mistök hefðu orðið í meðferð blóðsýnisins, en fram kom, að það hefði verið sent til rannsóknar ásamt tveim öðrum úr Reykjavík, sem bæði sýndu hærri niðurstöðu en það blóðsýni, sem merkt var ákærða.

Verjandi ákærða lýsti því yfir, að hann teldi eðlilegt að fella málið niður, þar sem blóðsýnið hefði verið eyðilaggt. Ríkissáksóknara var kynnt þessi skoðun verjandans, en hann hélt fast við málssóknina.

Sannað þykir með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, eigin framburði ákærða um áfengisneyslu fyrir akstur og framburði áðurgreindra vitna, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákær- unni og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1975 29/7 Reykjavík: Sátt, 18.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi 3 mánuði frá 28/5 1975.
- 1979 13/6 Reykjavík: Sátt, 80.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Ökuleyfisvipting 3 mánuði frá 26/4 1979.

Dómssáttin frá 13. júní 1979 hefur samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 7.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Svipta ber ákærða ökuleyfi, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir. Þar sem um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, ber að svipta hann ökuleyfi ævilangt frá 4. október 1982 að telja, en þann dag var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kolbeinn Gauti Árnason, greiði 7.500.00 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 4. október 1982 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans, 3.500.00 krónur.